

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Bjarnasonar um virðisaukaskatt af lyfseðilsskyldum lyfjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var upphæð virðisaukaskatts til ríkissjóðs af lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?*
2. *Hver var virðisaukaskattur af kaupum stofnana ríkisins á lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?*
3. *Hver var heildarupphæð endurgreiðslu virðisaukaskatts af lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?*

Opinberar tölur um lyfjakostnað árið 2003, samkvæmt útreikningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, eru 16,7 milljarðar kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Þar af eru lyfseðilsskyld lyf 8.816 millj. kr. að meðtöldum 24,5% virðisaukaskatti sem er um 1.735 millj. kr.

Virðisaukaskattur af kaupum stofnana ríkisins á lyfjum á árinu 2003 er áætlaður um 685 millj. kr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir ekki virðisaukaskatt af lyfseðilsskyldum lyfjum. Hins vegar var greiðsluþátttaka stofnunarinnar í lyfseðilsskyldum lyfjum 5.940 millj. kr. á árinu 2003 og þannig mætti segja að endurgreiðsla á virðisaukaskatti hafi numið 1.169 millj. kr.